

Skip eldri en 1950 á skipaskrá Samgöngustofu



Helgi Máni Sigurðsson
2019

Inngangur

Þetta er síðasta skýrslan um fornbáta á Íslandi á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna sem samdar voru á árunum 2016-2019.

Með skýrslunum var ætlunin að fá heillegt yfirlit yfir þá fornbáta sem til eru hérlendis. Slíkt yfirlit hefur ekki verið til fyrr og brýnt er að fá það, m.a. til að:

- sjá hvernig staða bátavarðveislunnar er almennt
- geta metið varðveislugildi einstakra báta

Við skráninguna er unnið út frá efnisorðalista sem stjórn Sambands íslenskra sjóminjasafna bjó til veturinn 2016-2017 og okkur þótti hæfilega ítarlegur rammi en þó ekki of rýr. Hann hefur reynst vel í skráningunni.

Þessi skýrsla er ekki fullgerð og verður hún unnin áfram efti því sem tók eru á. Hún ætti þó að þjóna tilgangi sínum í núverandi mynd. Meðal þess sem mætti bæta við er að skoða bátana sjálfa, hafa samband við eigendur / umsjónarmenn þeirra til að fá upplýsingar frá þeim, kanna enn fleiri skjallegar heimildir um suma bátana, gera lokaathugun á heimildum og tilvísanaskráum og ganga frá þeim.

Lýsingar á bátunum byggjast oftast á skoðun ljósmynda, þeir sjálfir hafa venjulega ekki verið skoðaðir, eins og þarf að gera.

Bátarnir í þessari skrá eru 15 talsins. Um tvo þeirra er fjallað ítarlega í öðrum skráum og vísast til þeirra þar. Það eru dráttarbáturinn Haki RE, sem Borgarsögusafn hefur nýlega tekið við, og Eljan ÍS 590, sem skráð er í Fornbátaskrá Þjóðminjasafns.¹ Þrír bátanna er hvalbátar.

¹ „Skip á skrá eldri en 1850.“ Skrá sem samgöngustofa útbjó sérstaklega árið 2016 og sendi Ágústi Ó. Georgssyni.

Efnisyfirlit

1. Hanna ST 49	4
2. Fengsæll ÍS 83	12
3. Léttir VE	18
4. Bryndís EA	23
5. Mánaberg ÍS	27
6. Eljan ÍS 590 (nánar um hana í annarri skrá)	29
7. Frímenn ÍS 166	30
8. Hvalur 7 RE 377	34
9. Þorsteinn ÞH 115	38
10. Hvalur 6 RE 376	41
11. Haki RE (nánar um hann í annarri skrá)	44
12. Hvalur 8 RE 388	45
13. Jökull Óðinn KÓ 111 (etv. fargað 2016)	48
14. Mars EA	52
15. Svalan SH 92	55



Hanna ST 49 í höfn í Gjögri skömmu fyrir árið 2000. Ljós.: Strandapósturinn 33. árg.



Hanna ST 49 eins og hún er nú. Ljós. Ríkarður Ríkarðsson.

Hanna ST 49

- 1. Skipaskrárnúmer:** 9806
- 2. Tegund:** Opinn vélbátur
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur, handfærabátur
- 4. Eigandi:** Hilmar F. Thorarensen, Rvk.²
- 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**

Báturinn mun alltaf hafa heitið Hanna.³

- Fyrsti eigandi sem heimildir greina frá er Guðmundur Jónsson, kenndur við

² Samgöngustofa: Skipaskrá 2016

³ Hanna frá Gjögri bls. 288

Helgastaði í Skuggahverfi í Reykjavík (faðir Kristmanns Guðmundssonar skálds). Guðmundur var fæddur í Reykjavík 14. júlí 1877, d. 8. ágúst 1953. Hann er líklega búinn að eiga bátinn um nokkurt skeið árið 1928, jafnvel frá byrjun.

- Annar eigandi, 1958: Karl F. Thorarensen, Selfossi, f. 28. feb. 1908, d. 1996. Báturinn hafði þá legið í reiðileysi í nokkur ár úti í Örfirisey. Hann var fyrst skráður 1991 og var Karl F. Thorarensen þá enn eigandi hans.
- Þriðji eigandi, frá 8. júní 1997: Hilmar F. Thorarensen, sonur Karls.⁴

6. Heimahöfn: Gjögur í Strandasýslu

7. Smíðaár: 1899 (áætlað)

Smíðaár og smíðastaður eru ókunn. Það sem næst hefur verið komist er að Hanna hafi verið smíðuð í Noregi um eða fyrir aldamótin 1900 en ekki hefur tekist að afla neinna skriflegra gagna um aldur eða annað.⁵

8. Hönnuður / yfirsmíður: Ókunnur

9. Smíðastaður: Noregur

10. Brúttórúmllestir: 2,16

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í metrum: 6.45 x 2.31 x 0.81⁶

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag: Stefni bogið. Skutur boginn.

14. Þilfar: Ekkert þilfar

15. Yfirbygging:

Hún var engin lengst af en 1958 var sett á hann stýrishús að aftan og lúkar að framan.

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Frammastur, fokka og stórsegl (líklega)

18. Vél:

- Vélaskipti 1991
- Vélaskipti 2011: Westerbeke, árg. 2011, 25 hö⁷

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

- Báturinn var fyrir víst kominn til landsins um 1928⁸
- Hann gerður út frá Reykjavík til um 1950 en lá ónotaður uppi á landi 1950-1958
- Hann var lagfærður 1958 og gerður út frá Gjögri og um skeið frá Eskifirði 1958-1996; Karl F. Thorarensen gerði bátinn út m.a. á rauðmaga og grásleppu
- Hann var gerður út eingöngu frá Gjögri frá 1996⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Um Guðmund Jónsson frá Helgastöðum:

Guðmundur var kenndur við Helgastaði í Skuggahverfi í Reykjavík.

⁴ Samgöngustofa: Skipaskrá, Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 5 bls. 15

⁵ *Hanna frá Gjögri* s. 288

⁶ Skipaskrá Samgöngustofu

⁷ Samgöngustofa. Skipaskrá 2013

⁸ Sbr. greinina *Hanna frá Gjögri*

⁹ *Hanna frá Gjögri* s. 288-9

„[Guðmundur Jónsson] ... var einn þeirra Reykvíkinga þeirra daga, sem áttu bát og var sífellt á bátnum með byssu í hendi og hvassan svip. Það var hinn kunnni sjósóknari og fuglaskytta Guðmundur frá Helgastaðum, sem batt sína bagga á sinn hátt, fór sínar eigin leiðir og setti sannarlega svip á fábrotið líf bæjarins þá.“¹⁰

Til er heimild um viðskipti Guðmundar og Sigurðar Péturssonar, skipstjóra á Gullfossi. Sögumaður er Ólafur Tómasson, stýrimaður:

„Einu sinni vorum við að sigla í þræsing inn flóanna, vorum djúpt úr af Akranesi. Og þá sjáum við úr brúnni hvar trillu flatrekur með einn mann undan veðrinu. Við gerum lykkju á leið okkar, siglum að trillunni og stöðvum skipið. Við bárum strax kennsl á manninn, þar var á ferð Guðmundur Helgastaða, faðir Kristmanns skálds. Guðmundur var skyttu góð og sjósóknari, sótti oft djúpt á trillu sinni. Sigurður spurði hvort nokkuð væri að, bauð aðstoð.

Guðmundur þakkaði gott boð, bað skipstjóra þá að rétta sér enda og taka skipið í tog. Sigurður kvað nú viðurhlutaminna að setja út bómu og kippa bát og manni upp á lúgu, Gullfoss gæti þá haldið för sinni áfram á fullri ferð, ekki færri en hundrað farþegar væru um borð og orðnir nokkuð óþreyjufullir sumir.

Guðmundur Helgastaða lá hátt rómur þegar hann afþakkaði, kvaðst þá myndu bjarga sér sjálfur, ef ekki væri hægt að draga skip sitt að landi.

Nú hefði margur skipstjórinn – og ekki þurft skipstjóra á flaggskipi þjóðar til – sagt far vel og haldið sínu striki, talið sig lausan mála. Að minnsta kosti karpað, reynt að lempa kollega sinn. En ekki Sigurður Pétursson. Hann gerði sér lítið fyrir – fremur en að skilja bátinn eftir í tvísýnu – og tók skip Guðmundar Helgastaða í tog og sigldi það sem eftir var leiðarinnar á lúshægri ferð. Guðmundur sat allan tímann keikur undir stýri á sínu skipi. Kristmanni kippir í kynið.“¹¹

Karl F. Thorarensen

Karl fæddist á Gjögri hinn 8. október 1909 og lést 28. febrúar 1996. Hann flutti til Reykjavíkur 1928 og bjó þar í allmörg ár. Þar tók hann fljótlega eftir bát sem honum fannst bera af öðrum bátum. Það var Hanna. Löngu síðar vantaði mann að nafni Eirík Lýðsson vél í trillu sína og bauðst nýleg Kelvin-vél sem var í Hönnu, sem var þá úti í Örfirisey, og festi kaup á henni. Í stað þess að taka vélina, öxul og skrófu úr bátnum var báturinn fluttur með öllu saman með strandferðaskipi frá Reykjavík til Gjögurs.



Karl F. Thorarensen.

Hanna var þá talin ónýtt. Karl sá um að taka vélina úr bátnum og setja hana í bát Eiríks. Þegar honum var boðin greiðsla fyrir verkið sagðist hann ánægður ef hann fengi bátinn sem vélina var tekin úr, það er Hönnu. Á það var fúslega fallist og aðilar máls ánægðir.¹²

Karl lagði metnað sinn í að Hönnu væri á allan hátt sem mestur sómi sýndur. Hann skipti um borð og bönd í honum, hækkaði hann um eitt borð, setti á hann stýrishús og lúkar og

¹⁰ *Hanna frá Gjögri* bls. 288

¹¹ Ólafur Tómasson stýrimaður

¹² *Hanna frá Gjögri* bls. 288

tók inn borðstokkinn allan hringinn. Fleira gerði hann. Karl fluttist síðar til Eskifjarðar og fékk Hönnu senda þangað og þar var hún í nokkur ár, m.a. gerð út á rauðmaga og grásleppu. Hrognin voru lögð inn hjá Þórlindi Magnússyni, kunnum aflaskipstjóra á Eskifirði.

Þegar Karl fór að dvelja lengur á Gjögri á sumrin byggði hann þar sjávarhús, 1978, til að hýsa bátana sína, við Karlshöfn, og flutti svo Hönnu aftur á Gjögur. Þar áttu þeir heima, maður og bátur. Sonur hans, Hilmar, komst svo að orði: „Aldraður, mjög þrotinn að kröftum og heilsu lagði pabbi á sig mikla vinnu til að fá á bátinn haffærisskírteini en það var forsenda þess að fá krókaleyfi á Hönnu. Þarna sannaðist sem oftast að viljinn er allt sem þarf.“¹³

22. Ástand: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

1958 setti Karl F. Thorarensen á hann stýrishús aftan til og lyftingu (lúkar) að framan og tók inn borðstokka allan hringinn.¹⁴

24. Viðhald og viðgerðir:

Karl þurfti að leggja mikla vinnu í að standsetja Hönnu árið 1958 enda var hún þá talin ónýtt með öllu.

Þegar Hilmar Thorarensen, sonur Karls, tók við bátnum sinnti hann viðgerðum og viðhaldi nokkurn veginn árlega. Fyrst fór hann ásamt Eiríki Eiríkssyni, vini og skólalabróður, norður á Gjögur í lok mars 1997 og dvöldu þeir þar í nokkra daga. Þrátt fyrir slæmt veður náðu þeir að skrapa, menja og mála bátinn að utan og innan með því að hita upp með kósangasofni. Frá árinu 1998 var Hönnu verið haldið lítillega til veiða á hverju sumri í amk. nokkur ár.

Reynsla Hilmars var að það borgaði sig ekki að gera út 100 ára gamlan bát. Hins vegar hafi verðmat krókaleyfa slíkra báta rokið upp úr öllu valdi svo líkja mætti við að lagt hafi verið fé til höfuðs þeim. Hitt sé svo annað mál að saga, menning og tilfinningar, sem gömlum bátum fylgja, verði aldrei metin til fjár. Hilmar telur að minningu Karls, föður síns, og móður sinnar, Regínu Thorarensen, og minningu mannlífs á Gjögri yrði varla með öðrum hætti meiri sómi sýndur en þeim að tryggja áfram tilvist og útgerð Hönnu og halda við og bæta aðstöðuna í Karlshöfn.¹⁵

Árið 2011 fékk Hilmar Thorarensen Hafliða Aðalsteinsson bátasmið til að standsetja Hönnu á ný og nú rækilega. Verkið fór fram í skemmu við enda Hringbrautar í Reykjavík. Á Ljósmyndasíðu Ríkka eru því verki gerð góð skil í bæði texta og myndum. Ljósmyndirnar sem fylgja frásögninni eru á þriðja tug og teknar jafnóðum og verkinu fleygir fram. Byrjað var á að skipta um framstefni og kjöl. Þá var skipt um afturstefni og tvö neðstu umförin. Síðar var skipt út öllum öðrum umförum nema þremur efstu. Einnig var skipt um flest böndin. Vélin var tekin úr, hún yfirfarin og komið fyrir aftur ásamt skrúfunni og stýrinu. Smíðað var ofan í lúkarinn. Allur báturinn var málaður hátt og lágt og sjósettur 20. ágúst

¹³ *Hanna frá Gjögri* bls. 289

¹⁴ *Hanna frá Gjögri* bls. 289

¹⁵ *Hanna frá Gjögri* bls. 289

Það ár. Myndirnar sem hér fylgja sýna viðgerðina.¹⁶



¹⁶ Ljósmyndasíða Rikka



Viðgerðir á Hönnu ST 49 árið 2011. Ljós. Ríkarður Ríkarðsson

25. Heimildir um bátinn

Heimildir um Hönnu eru óvenju margar, greinar, viðtöl, skýrslur, ljósmyndir og kvikmyndir.

- Samgöngustofa: Skipaskrá 2013 og 2016
- Hilmar F. Thorarensen: *Hanna frá Gjögri*. Grein í bókinni: *Þeir fiska sem róa. Smábátaútgærð á Íslandi*. Rvk. 2002. Bls. 288-9.
- Jóhannes Helgi: *Farmaður í friði og stríði*. Sjóferðaminningar Ólafs Tómassonar. Hf. 1976. Bls. 151-2.
- *Strandapósturinn* 33. árg. Útg. Áttahagafélag Strandamanna 1999-2000.
- Ljósmyndasíða Ríkka 16.3. 2011
- Ólafur Tómasson, stýrimaður. „Farmaður í friði og stríði.“ Sjóferðaminningar. Hf. 1976.

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rv. 1999, bls. 15.
- Landinn, RÚV: viðtal við Hilmar og Hafliða vegna viðgerða á Hönnu (3. maí 2011?): <http://dagskra.ruv.is/sjonvarpid/4577863/2011/06/05/3/>
- Þorsteinn Jónsson: kvikmynd um Hönnu frá Gjögri, 26 mín., frumsýnd í ágúst 1999 http://www.kvikmynd.com/Hanna_fra_Gjogri.html
- Morgunblaðið 23. okt. 2013

Möguleg munnleg heimild: Hilmar F. Thorarensen

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Hanna er elsta íslenska fiskiskipið sem gert er út héraendis (með haffærisskírteini og veiðiheimild). Um leið er hún elsti opni vélbáturinn, trillan, á skipaskrá. Og hún er síðasta norsk-smíðaða trillan sem til er á Íslandi. Fagmaður sá um standsetningu bátsins en næstum allir viðir hafa verið endurnýjaðir.¹⁷



Hanna frá Gjögri. Ljós. Ríkarður Ríkarðsson

¹⁷ Hanna frá Gjögri bls. 288



Hanna frá Gjögri. Ljósmyndir: EPJ



Fengsæll ÍS 83. Ljós m.: batarogskip.123.is

Fengsæll ÍS 83

1. Skipaskrárnúmer: 824

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskiskip

4. Eigandi: Ögurnes ehf, Holtagötu 6, Súðavík

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 10. mars 1931: *Huginn GK 341*. Útgerðarfélag Vatnsleysustrandar, Vogum, Gullbringusýslu
- 17. sept. 1935: *Jón Dan GK 341*. Sigurjón J. Waage, Stóru Vogum Vatnsleysustrandarhr.
- 15. feb. 1946: *Farsæll SH 30*. Sigurjón Halldórsson, Hermann Sigurjónsson, Grundarfirði, og Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi.
- 1950: *Sæborg GK 86*. Guðjón Gíslason o.fl.
- 24. okt. 1953: *Sæborg BA 86*. Jóhann Kristjánsson, Flatey, Breiðafirði.
- 12. jan. 1956: *Sæborg RE 328*. Magnús Grímsson og Konráð H. Konráðsson Reykjavík.
- 6. ágúst 1960: *Sæborg SH 128*. Jóhannes Jónsson, Ólafsvík, og Lovísa Gunnlaugsdóttir og Axel Hallgrímsson Borgarnesi.
- 15. feb. 1963: *Sæborg RE 325*. Magnús Grímsson, Reykjavík.
- 12. júní 1964. *Sæborg KE 102*. Sveinn Vilbergsson og Ólafur Sveinsson, Keflavík.

- 14. júní 1977: *Bergþór KE 5*. Magnús Þórarinnsson, Keflavík.
- 21. ágúst 1979: *Ingólfur GK 125*. Guðjón Bragason, Sandgerði.
- 15. apríl 1980: Ólafur Sigurpálsson og Eyjólfur Vilbergsson, Grindavík.
- 1988 er báturinn skráður í Grindavík.
- 1999 heitir hann *Huginn GK 341*.¹⁸
- 2004-18: *Fengsæll ÍS 83*, Ögurnes ehf, Hnífsdal¹⁹

6. Heimahöfn: Súðavík

7. Smíðaár: 1931

8. Hönnuður / yfirsmiður

9. Smíðastaður: Frederikssund, Danmörku

10. Brúttórúmllestir: 21,79

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 14,44 x 4,36 x 1,76²⁰ (skráð lengd)

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; sléttsúð

13. Skrokklag: Stefni nánast lóðrétt, beint. Skutur: hringlaga, hekk (?)

14. Þilfar: Alþiljaður

15. Yfirbygging: Stýrishús, afturbyggður, lúkarskappi

16. Lokuð rými: Vélarúm, lest, eldhús, matsalur (messi), salerni, lúkar

17. Möstur og seglabúnaður: Tvö möstur, bóma á frammastri

18. Vél:

- 1931: Tuxham 76 hö
- 1936: Delta 90 hö
- 1964: Volvo Penta dísel 162 hö
- 1974: Volvo Penta dísel 210 hö
- 1983: Carerpillar, árg. 1977, 240 hö²¹

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga

Á kreppuárunum, 1930-1940, voru stærri bátar og togarar lítið endurnýjaðir á Íslandi. Öðru máli gegndi með minni báta. Til að mynda voru yfir 20 bátar svipaðir og Fengsæll smíðaðir í Frirðikssundi á árunum 1929-1938 og fóru nokkir þeirra til Vestmannaeyja, m.a. Erlingur VE 295, Skúli fógeti VE 185, Gulltoppur VE 321, Lagarfoss VE 292, Ófeigur II VE 324, Óðinn VE 317 og Freyja VE 125.²²

Fengsæll er sá eini af þessum bátum sem eftir er. Hann var gerður út frá Vogum á Vatnsleysuströnd fyrstu árin. Síðan færir hann til annarra bæjarfélaga eins og eigendasagan vitnar um. Eigendur hafa verið 15 í gegnum tíðina, á svæðinu frá Grindavík til Súðavíkur, og hefur báturinn heitið sjö nöfnum. Á árunum 1971-1972, þegar hann var endurbyggður, gekk hann undir nafninu „Torfbærinn," sennilega vegna aldursins.²³

¹⁸ Jón Björnsson: íslensk skip I bls. 199

¹⁹ Skipaskrá Samgöngustofu 2004 og 2018

²⁰ Skipaskrá Samgöngustofu 2016

²¹ Jón Björnsson: íslensk skip I bls. 199

²² Emil Páll: batarogskip.is

²³ Skipamyndir og skipafróðleikur Emils Páls. 27.11. 2010. www.123.is

Sjómenn tala stundum um að gömlu trébátarnir hafi svipað menningarlegt gildi og torfbæirnir. Og mikilvægt sé að augu manna opnast fyrir því áður en þeir hverfi allir.

Árið 1996 er Fengsæll skráður hjá Fiskistofu sem rækjubátur í Djúpi og Húnaflóa. Árið 1999 er báturinn í fréttum í tilefni af því að rækjuvertíðin í Ísafjarðardjúpi er að hefjast. Hann er þar einn af tæplega tuttugu bátum. Sennilega hefur hann stundað rækjveiðar í Djúpinu í allmörg ár. Á þeim tíma hafði kvótinn minnkað hratt á nokkrum árum eða úr 3000 tonnum í 650 tonn.²⁴

Árið 2003 er Fengsæll enn gerður út á rækju.²⁵

Á árunum 1997-2010 er Fengsæll skráður hjá Fiskistofu sem skip með aflamark. Árið 2010, 26. ágúst, er hann í núllflokki og hefur væntanlega verið það síðan.²⁶

Árið 2008 er Fengsæll nýttur í umsýslu við þorskeldi á Álftafirði. Þá er óskað eftir niðurfellingu hafnargjalda í Súðavík en því hafnað. Sex árum seinna, 2014, er búið að sigla honum upp í fjöru við Súðavík.²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Rækjuveiðar í Djúpinu

Árið 1999 var Fengsæll gerður út á rækju á Ísafjarðardjúpi. Í tilefni af því að rækjuvertíðin var að hefjast birtist stutt viðtal við skipstjórnann, Samúel Kristjánsson, í Morgunblaðinu þar sem hann segir m.a.: „Ég ætla að vona að heildarkvótinn verði meiri en 650 tonn, en miðað við það er minn kvóti um 20 tonn. Ég man ekki eftir jafnlitlum kvóta síðan ég byrjaði á sjó fyrir um 25 árum, en í fyrra var heildarkvótinn um 1.000 tonn og fyrir nokkrum árum var hann 3.000 tonn.“

Fengsæll var við veiðar á miðunum við Vigur ásamt 6 til 7 öðrum bátum á þessum tíma og um miðjan dag daginn áður hafði hann fengið um 3 tonn. Samúel sagði að mikið hefði breyst síðan hann byrjaði á sjó árið 1974. Þá hefðu um 60 bátar verið með leyfi til veiða í Djúpinu en nú væru þeir tæplega 20. Hann sagði að rækjan hefði náð allt út fyrir Bolungarvík en nú væri svo mikill fiskur í sjónum að hann héldi henni í herkví inni í Djúpinu.²⁸

22. Ástand:

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Endurbyggður í Njarðvík 1971-1972.

24. Viðhald og viðgerðir.

Samkvæmt Skipaskrá 2005 var Fengsæll þá langelsta þilfarsskipið í flokki fiskiskipa á Íslandi.²⁹ Það segir sig sjálf að svo gamalt skip hefur þurft mikið viðhald í gegnum tíðina.

²⁴ Fiskistofa 2017, skipasaga; Mbl. 5. nóv. 1999

²⁵ Mbl. 9.1. 2003: „Rækjubátar.“

²⁶ Fiskistofa 2017, skipasaga

²⁷ Hafnarstjórn Súðavíkurhrepps, 5. fundur, batarogskip.123.is

²⁸ Morgunblaðið 5. nóvember 1999

²⁹ Skipaskrá 2005, bls. 11

Fengsæll hefur vafalaust fengið reglulegt viðhald meðan hann var í notkun. Á árunum 1971-1972 mun hann hafa verið endurbyggður í Njarðvík.³⁰

Árið 2008 fékk báturinn styrk frá fjárlaganefnd Alþingis til viðhalds, kr. 1 millj. Var hann eitt af sex skipum, öll frá Vestfirðum, sem fengu sömu styrkuppþæð, hvort sem það voru opnir árabátar eða 100 tonna þilfarsskip. Það segir sig sjálft að kr. 1 millj. duga skammt fyrir stórt skip.³¹ Sama ár, 2008, óskaði Ögurnes ehf eftir niðurfellingu hafnargjalda á Fengsæl á Súðavík. Hafnarstjórn lagði til að erindinu væri hafnað.³²

Árið 2009 fékk Fengsæll ÍS 83 aftur styrk úr ríkissjóði að upphæð kr. 1.000.000,-³³

Haustið 2014 bárust þær fregnir að Auðun Jørgensson hefði falast eftir Fengsæl til standsetningar. Auðun mun hafa standsett annan bát, Óskar Matt, með góðum árangri. En ljóst var að það væri stórt verkefni að koma Fengsæl í stand.³⁴

25. Heimildir um bátinn

- Samgöngustofa: Skipaskrá 2005 og 2016
- Til sjávar. Fréttabréf Siglingastofnunar. 1. tbl. 8. árg., apríl 2004, bls. 4.
- Jón Björnsson: Íslensk skip I, Rvk. 1990, bls. 199.
- batarogskip.123.is
- vb.is: Fiskifréttir. Skipaskrá.
- „Bráðabirgðakvóti 650 tonn." Morgunblaðið 5. nóvember 1999.
- Ríkisendurskoðun: Íslensk muna- og minjasöfn. Skýsla til Alþingis. Maí 2009.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga mánudaginn 29. desember 2008. Frétt afrituð af fréttavefnum vikari.is.
- Hafnarstjórn Súðavíkurhrepps 5. fundur kjörtímabilið 2005-2010, 5. mars 2008.
- Mbl. 9.1. 2003: „Rækjubátar."

Munnleg heimild etv.: Ögurnes ehf, Holtagötu 6, 420, Súðavík (ekki í ja.is)

Ljósmyndir:

- fiskifrettir.is/skipaskra/2075
- batarogskip.123.is
- Skipamyndir og skipafróðleikur Emils Páls. 27.11. 2010. www.123.is

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Fengsæll er elsti þilfarsbáturinn á skipaskrá, einnig elsti sléttsúðungurinn á skipaskrá og elsta eikarskipið.

³⁰ Skipamyndir og skipafróðleikur Emils Páls 27.11. 2010

³¹ Fjórðungssamband Vestfirðinga 29.12. 2008

³² Hafnarstjórn Súðavíkurhrepps 5. fundur

³³ Ríkisendurskoðun: Íslensk muna- og minjasöfn


³⁴ batarogskip.123.is 3.9. 2014

Myndir af Fengsæl ÍS 83 árið 2014:





Fengsæll ÍS 83 á Álftafirði. Ljósmynd: Sigurbrandur Jakobsson



Léttir VE nýmálaður. Ljósmynd: Ófeigur Lýðsson (mbl.is/200milur)

Léttir VE 327

1. Skipaskrárnúmer: 660
2. Tegund: Vélbátur
3. Hlutverk: Lóðsbátur, dráttarbátur, tollbátur
4. Eigandi: Vestmannaeyjahöfn
5. Fyrri umdæmisnúmer og eigendur:
 - 1935: Léttir VE 327. Filippus G. Árnason og Kristján Linnet

- 1940: Filippus G. Árnason og Sigfús M. Johnsen
- 1949: Filippus G. Árnason
- 1950: Filippus G. Árnason, Hafnarsjóður Vestmannaeyja
- 1959: Léttir VE. Hafnarsjóður Vestmannaeyja ³⁵

6. Varðveislustaður: Nálægt höfninni, Vestmannaeyjum, utandyra (?)

7. Smíðaár: 1934

8. Hönnuður / yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður:

Smíðastaður er Raa, sunnarlega á vesturströnd Svíþjóðar ³⁶

10. Brúttólestir: 8,38

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 9,78 x 2,84 x 1,13 ³⁷

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúð

13. Skrokklag Framstefni bogið

14. Þilför: Opinn að hluta til ársins 1963, allur lokaður eftir það

15. Yfirbygging: Stýrishús, bakki

16. Lokuð rými: Vélarúm, lest ...

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- Í upphafi var í honum 25 hestafla Skandia vél
- 1942: 40 hestafla Caterpillar vél.
- 1975: Caterpillar vél, 125 hö, sem enn er í honum ³⁸

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Við komu bátsins er getið um raflýsingu, áttavita og þokuhorn.³⁹

20. Notkunarsaga:

Léttir var tekinn í notkun strax og hann kom til Vestmannaeyja. Hann var notaður til að flytja tollverði, lækna og lóðsa um borð í hin mörgu skip sem þangað áttu erindi. Sjúklingar voru fluttir í land. Sérstaklega voru skipakomur margar erlendis frá á stríðsárunum, 1940-1945. Tollverðir voru alltaf fluttir um borð til að tollskoða við hverja komu. Þá voru skipin tollskoðuð áður en þau komu inn í höfnina. Var það í mörg ár eftir stríðsárin. Annað hvort var það gert á Víkinni, austur í Flóa, eða fyrir innan Eiði eftir veðuraðstæðum.⁴⁰

Eftir að gamli Lóðsinn kom, 1961, tók hann við mörgum verkefnum Léttis eins og flutningum lóðsa um borð og frá borði skipa. En Léttir gegndi áfram fjölmörgum störfum. Hann var mikið í prammadrætti frá grafskipi austur í Flóa með sand sem það sogaði upp og margt tilfallandi við höfnina. Og þegar Lóðsinn þurfti að fara til aðstoðar skipum og bátum, sem þurfti að draga til hafnar, fór Léttir í gömlu störfin sín. ⁴¹

³⁵ Friðrik Ásmundsson

³⁶ Friðrik Ásmundsson

³⁷ Friðrik Ásmundsson, Samgöngustofa: Skipaskrá 2013

³⁸ batarogskip.123.is; Friðrik Ásmundsson

³⁹ Samgöngustofa: Skipaskrá; Friðrik Ásmundsson

⁴⁰ Friðrik Ásmundsson

⁴¹ Friðrik Ásmundsson

Árið 2013 var Léttir ekki lengur í notkun. Hafnarstjórn Vestmannaeyja ákvað þá að leggja honum; of dýrt væri að gera hann sjófæran.⁴²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Óli á Létti

Ólafur Ólafsson á Hvanneyri, mágur eins eigandans, Filippusar, var formaður og umsjónarmaður Léttis frá upphafi til 1967 eða í 32 ár. Samstarf þeirra máganna var farsælt frá fyrstu tíð. Filippus annaðist reksturinn og Óli á Létti, eins og hann var oftast kallaður, var mjög farsæll formaður. Allt viðhald og umgengni um bát og vél var til fyrirmyndar. Ólafur var með hann áfram fyrir hafnarsjóð þegar eigendaskipti urðu og farnaðist vel sem fyrr, til ársins 1967 að hann hætti.⁴³

Léttir var þrisvar sinnum nærri því að fara sína síðustu ferð. M.a. slapp hann naumlega við að fara upp á Skelli er hann rak vélarvana, hálffullan af sjó, í náttmyrkri, stormi og haugasjó í gegnum Faxasund. En þetta gæfufley stóðst alla raun og komst heilt til hafnar.⁴⁴

22. Ástand báts: Gott (ath.)

23. Upprunaleiki – breytingasaga

1948 var byrðingurinn á Létti hækkaður um átta tommur frá framstefni að miðri yfirbyggingu. Hann var yfirbyggður að hluta til ársins 1963, þegar honum var alveg lokað. Skipt var um vél í honum 1944, í stað Scandia kom Caterpillar, 40 hestöfl. 1975 var sett ný Caterpillar-vél í hann, 99 hö.⁴⁵

24. Viðhald og viðgerðir:

Létti var haldið vel við alla tíð meðan hann var í notkun. Hafnarkörlunum í Vestmannaeyjum þótti vænt um þessa ágætu fleytu. Á hverju sumri sáu þeir um að skvera hana og mála. Þórólfur Vilhjálmsson skipasmíðameistari, sem annaðist viðhald hans seinni árin, sagði að auðvitað væri eikin í honum ekki eins og ný en ótrúlega góð. Yfirbyggingin væri að vísu orðin lúin og þreytt.⁴⁶

Fram kom í fundargerð hafnarnefndar Vestmannaeyja (framkvæmda- og hafnarráðs) árið 2013 að báturinn væri þá ekki í siglingarhæfu ástandi. Kostnaður við að standsetja hann gæti numið allt að 15 milljónum króna en innifalin í þeirri tölu væri viðgerð á vélbúnaði. Að mati nefndarinnar var það of dýrt. Hins vegar var samþykkt að varðveita Létti.⁴⁷

25. Heimildir um bátinn

- Friðrik Ásmundsson: *Léttir 70 ára 1935-2005*. Sjómannadagsblað Vestmannaeyja 2005
- Samgöngustofa: Skipaskrá
- batarogskip.123.is (var enn í notkun 2010)
- vestmannaeyjar.is: Framkvæmda- og hafnarráð 3.6. 2013, fundur nr. 148

⁴² vestmannaeyjar.is fundur 3.6. 2013

⁴³ Friðrik Ásmundsson

⁴⁴ Friðrik Ásmundsson

⁴⁵ Friðrik Ásmundsson

⁴⁶ Friðrik Ásmundsson

⁴⁷ vestmannaeyjar.is: Framkvæmda- og hafnarráð 3.6. 2013

- mbl.is (mynd af Létti)
- Jón Björnsson: Íslensk skip 4, Rvk. 1990, bls. 127

Viðbótarheimild 1: Þorsteinn Þ. Víglundsson: Grein í Bliki 1978 (skoðaði ekki)

Viðbótarheimild 2: Jón I. Sigurðsson: Grein í Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja (skoðaði ekki)

Ljósmyndir:

- mbl.is/200milur/skipaskra/skip/660
- batarogskip.123.is
- Fragtskip Óla Ragg, 123.is

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður, friðlýstur (af hafnarsjórn)

27. Almenn umsögn:

Léttir er elsti dráttarbátur / lóðsbátur landsins. Hann er lítið breyttur.

Myndasýrpa af Létti VE 327 ⁴⁸



⁴⁸ batarogskip.is: 11.1. 2010





Bryndís ÍS 69, árið 2004. Ljósma.: Haukur Snorrason.



Bryndís EA þegar verið var að breyta henni í skútu, 2012. Ljósma. batarogskip.123.is

Bryndís ÍS 69 (EA)

- 1. Skipaskrárnúmer:** 361
- 2. Tegund:** Vélbátur
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur til 2002; skemmtibátur
- 4. Eigandi:** Hörður Gunnsteinn Jóhannsson, Búðasíðu 4, Akureyri

5. Fyrri eigendur:

Báturinn virðist alltaf hafa heitið Bryndís.

- 22. des. 1939: Hlutafélagið Njörður, Ísafirði.
- 4. júní 1956: Árni Magnússon, Ísafirði.
- 18. sept. 1967: Jón Kr. Jónsson, Ísafirði.
- 19. maí 1971: Grímur hf, Ísafirði.
- 26. sept 1979: Skipasmíðastöð Marselíusar Bernharðssonar, Ísafirði.
- 19. des. 1980: Vilmundur Reimarsson, Kristján Jónsson og Magnús Jónsson, Bolungarvík.
- 9. sept. 1982: Skráðir eigendur eru Vilmundur Reimarsson og Magnús Jónsson.⁴⁹
- Árið 2000 er báturinn skráður ÍS 69 og í eigu Magnúsar Jónssonar, Hjallastræti 25, Bolungarvík; heimahöfn er Bolungarvík.⁵⁰
- 2002: Bátnum er breytt í skemmtiskip.
- 2004-2018: Eigandi er Hörður Gunnsteinn Jónsson ⁵¹

6. Heimahöfn: Akureyri

7. Smíðaár: 1939

8. Hönnuður / yfirsmiður: Bárður G. Tómasson

9. Skipasmíðastöð: Bástöð Bárðar G. Tómassonar, Ísafirði

10. Brúttórúmllestir: 14,27

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 14,20 x 3,77 x 1,51 ⁵²

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúð

13. Skrokklag: Framstefni lóðrétt, beint

14. Þilfar: (búið að fjarlægja)

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður)(búið að fjarlægja), lúkarskappi (búið að fjarlægja)

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarhús (búið að fjarlægja)

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og aftursigla, bóma (búið að fjarlægja)

18. Vél:

- Fyrsta vél, 1939, var Jun. Munktell 14 hö.
- Árið 1960 var sett í hann Scania dísel vél, 148 hö.
- Síðar var sett í hann Scania vél, árg. 1974, 163 hö. ⁵³

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var lengst af fiskiskip. Hann var alltaf gerður út frá tveimur stöðum. Fyrstu fjóra áratugin, 1939-1980, var það frá Ísafirði en næstu tvo áratugin, eftir 1980, frá Bolungarvík.

- 1996: útgerðarflokkur: rækjubátur í Djúpi og Húnaflóa
- 1997-2002: útgerðarflokkur: smábátur með aflamark
- 2002, 1. sept. : útgerðarflokkur: núllflokkur; skemmtiskip ⁵⁴

⁴⁹ Jón Björnsson: Íslensk skip 2, bls. 31-32

⁵⁰ Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 24-25

⁵¹ Samgöngustofa: Skipaskrá 2004 og 2018

⁵² Samgöngustofa: Skipaskrá 2017 (skráð lengd er 12,96)

⁵³ Samgöngustofa: Skipaskrá 2017

⁵⁴ Fiskistofa 2017, skipasaga

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum.

Dísirnar

Á árunum 1938 og 1939 lét Hlutafélagið Njörður smíða fyrir sig fimm báta, um 15 brl. að stærð, í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar og var Bryndís eitt þeirra. Sjötta skipið var síðan smíðað árið 1943. Þessi skip gengu undir nafninu dísirnar því að nöfnin á þeim enduðu öll á dís. Bryndís ásamt Hjördísi og Valdísi voru nýsmíði stöðvarinnar nr. 12, 13 og 14. Þeim var hleypt af stokkunum 27., 28. og 29. desember 1939.⁵⁵

Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur starfaði á Ísafirði og rak skipasmíðastöð sem kennd var við hann þar. Hann skrifaði grein í Tímarit iðnaðarmanna árið 1938 þar sem hann fjallar um smíði Bryndísar ÍS og fleiri báta. Þar segir hann m.a.:

„Hlutafélagið Njörður hefur samið um smíði fimm 14 rúmlesta báta í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar. Þar af eru tveir þegar í smíðum, eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Að lokinni smíði hinna fimm báta hefir hf Muninn forgangsrétt að smíði 18 rúmlesta báts við hina síðastnefndu stöð. Eins og séð verður af þessu hafa skipasmíðir á Ísafirði mikið verk fyrir höndum og væri vel farið ef önnur útgerðarfélag á landinu tækju sér þessi nýju ísfirzku útgerðarfélag til fyrirmyndar um innlenda smíði skipanna.“⁵⁶

22. Ástand báts: (slæmt)

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Skv. ljósmyndum frá árinu 2012 er búið að taka af honum stýrishúsið, fletta af honum dekkinu og taka innan úr honum klæðningar, þil og innréttingar þannig að lítið er eftir af upprunalega bátnum nema bolurinn.⁵⁷ Óljóst er hvar verkið er statt núna, 2019, hvort lokið er við að breyta bátnum í skútu.

24. Viðhald og viðgerðir:

Til stóð árið 2012 að endursmíða hann, þ.e. nota áfram skrokkinn en lítið annað.

25. Heimildir:

- Samgöngustofa. Skipaskrá
- Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 24-25
- Hjálmar R. Bárðarson: *Dísirnar voru smíðaðar á Torfunesi*. Morgunbl. 31. mars 1990
- Bárður G. Tómasson: *Skipasmíði*. Tímarit iðnaðarmanna 5. tbl. 1938, bls. 75-76.
- Jón Björnsson: Íslensk skip 2, Rvk. 1990, s. 31-32
- fiskistofa.is/veidar/aflastda/einstokskip/?skipnr=0361&timabil=1617&lang=
- fiskifrettir.is/skipaskra/2219
- batarogskip.123.is/blog/2012/09/11/629664/

⁵⁵ Hjálmar R. Bárðarson: *Dísirnar voru smíðaðar á Torfunesi*

⁵⁶ Bárður G. Tómasson: *Skipasmíði*

⁵⁷ batarogskip.123.is 11.9. 2012

Ljósmyndir:

- snorrason.is/main.php?g2-itemid=38252 (Bryndís ÍS 69, árið 2004)
- batarogskip.123is/blog/2012/09/11/629664 (Bryndís EA; ljósmyndari Haukur Sigtryggur)

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Bryndís er þriðji elsti fiskibáturinn og annað elsta þilfarsskipið á skipaskrá. Smíðuð 1939 í Bátastöð Bárðar G. Tómassonar, Ísafirði. Nú er lítið annað en skrokkurinn eftir (frá árinu 2012). Til stóð að breyta henni í skútu. Hún er skráð sem skemmtiskip.



Bryndís EA undir plasti árið 2012. Ljós.: Haukur Sigtryggur.



Bryndís ÍS 69 á leið til Bolungarvíkur Sólin skín á snæviðakinn Bjarnarnúp á Snæfjallaströnd, en fullt tungl vakir yfir. Myndin er tekin fyrir 2012. mbl.is/RAX, birt 10.6. 2017



Mánaberg ÍS. Ljósmynd: Jón Björnsson

Mánaberg ÍS

1. Skipaskrárnúmer: 5029

2. Tegund: Opinn vélbátur, trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur; skemmtibátur árið 2000 ⁵⁸

4. Eigandi: Höskuldur Guðmundsson, Fjarðarstræti 38, Ísafirði

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

Fyrst skráður í skipaskrá 20. apríl 1975, þ.e. 34 árum eftir að hann er smíðaður. ⁵⁹

- 20. apríl 1975: *Herdís SH 38*. Óttar Sveinbjörnsson, Kristófer Snæbjörnsson og Benedikt Sveinbjörnsson, Hellisandi.
- 11. maí 1980: *Bára SH 146*, Aðalsteinn Ólafsson, Hellisandi
- 4. apríl 1984: Jens Kristján Jensson, Grundarfirði
- 1. okt 1990: Sæmundur Rögnvaldsson, Reykjavík (heimahöfn Grundarfjörður)
- 27. des. 1990: *Oddmundur RE 287*. Hermundur hf, útgerð í Reykjavík
- 19. nóv. 1995: Kristrún Anna Tómasdóttir, Rvk.
- 5. des. 1996: Hilmar Árnason, Patreksfirði.
- 1997: Báturinn er skráður í Reykjavík ⁶⁰
- Árið 2000: *Oddmundur RE*. Jóhann Valur Jóhannsson, Aðalstræti 77a, Patreksfirði (heimahöfn Reykjavík) ⁶¹
- 2004-2018: Höskuldur Guðmundsson, Ísafirði⁶²

6. Heimahöfn: Ísafjörður, Ísafjarðarbær

⁵⁸ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 286-7

⁵⁹ Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 3 bls. 151-2

⁶⁰ Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 3 bls. 151-2

⁶¹ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 286-7

⁶² Siglingastofnun/ Samgöngustofa: Skipaskrá 2004-2018

7. Smíðaár: 1941⁶³

8. Hönnuður / yfirsmiður: Þorbergur Ólafsson

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttólestir: 3,15

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 7,55 x 2,33 x 1,00 ⁶⁴

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur

13. Bátalag: Breiðfirskt

14. Þilfar:

15. Yfirbygging: Stýrishús, hvalbakur/bakki, lúkarskappi

16. Lokuð rými: Messi (?) ...

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél: Marna, árg. 1968, 24,5 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

22. Ástand báts: Gott skv. mynd í skipaskrá Fiskifrétta

23. Upprunaleiki - breytingasaga

24. Viðhald og viðgerðir

1996 (?) fékk Oddmundur RE 287 úreldingarstyrk úr Þróunarstjóði sjávarútvegsins.

Eigandi þá var Kristín Á. Tómasdóttir, Reykjavík. ⁶⁵

25. Heimildir:

- Samgöngustofa: Skipaskrá 2004-2018
- Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 286-7
- Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 3, Rvk. 1999, bls. 151-152
- althingi.is. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 1237 — 727. mál (eldri eigandi)
- Fiskifrétir, skipaskrá 3.12. 2016
- mbl.is/200milur/skipaskra/skip/5029/
- Hugsanleg heimild: Höskuldur Guðmundsson, Ísafirði: saga bátsins

Ljósmyndir:

- Fiskifrétir, skipaskrá 3.12. 2016
- emilpall.123.is/2013/06/29/667/104 (Mánaberg ÍS í júní 2013)

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn :

Mánaberg er trilla frá árinu 1941, á floti og í góðu standi. Það er þriðji elsti fiskibáturinn á skipaskrá og annar elsti opni vélbáturinn.

⁶³1944 skv. Jóni Björnssyni. Aldur er ekki gefinn upp í Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, bls. 286-7

⁶⁴ Siglingastofnun: Skipaskrá

⁶⁵ althingi.is. 130. löggjafarþing



Eljan frá Nesi ÍS 590, á Ísafirði 27. júní 2014. Ljósrm.: Gunnlaugur Hólm Torfason.

Eljan ÍS 590

1. Skipaskrárnúmer: 5685

2. Tegund: Vélbátur, trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri eigendur:

- 24. apríl 1944: Magnús, Sigurður og Jóhannes Elíassynir, Nesi, Grunnavík.
- 16. júlí 1991: Stefán K. Símonarson og Vilberg Prebensson, Ísafirði.
- 1997: Báturinn er skráður á Ísafirði.⁶⁶
- 2005: Dýrfinna Torfadóttir, Akranesi⁶⁷
- 2012: Guðjón Brjánsson og Dýrfinna Torfadóttir.
- Haustið 2012: Byggðasafn Vestfjarða.⁶⁸

6. Varðveislustaður: Ísafjörður.

7. Smíðaár: 1942⁶⁹

Ítarlegri skráning á Eljuni er í Fornbátaskrá Byggðasafns Vestfjarða, Ísafirði.

⁶⁶ Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 2, bls. 87.

⁶⁷ Skipaskrá Siglingastofnunar 2005

⁶⁸ nedsti.is

